

Fundargerð 71. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, mánudaginn 8. apríl kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason, lögfræðingur hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2023 - 2403001SO

Ársreikningur 2023 lagður fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir ársreikning 2023.

Stjórnin vill koma á framfæri skýringum á hækkun útgjalda á síðasta ári umfram það sem áætlanir gerði ráð fyrir. Skýrist það m.a. af eftirfarandi:

Kaup á sérfræðivinnu vegna stefnumörkunarvinnu SO.

Fundarhöld og kynningar á stefnumörkun SO.

Sérstakri starfsnefnd var komið á fót sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu.

Stjórnarfundir voru á síðasta ári um það bil tvöfalt fleiri en árið þar á undan vegna mikilla umsvifa í málum tengdum orkusveitarfélögunum.

2. Orkufundur 2024 - 2403002SO

Stjórn samþykkir að halda Orkufund 31 maí nk. kl. 13 - 15. Fundarefnið verði um flutningsmannvirki á raforku.

3. Kynningarfundur um skýrslu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu - 2402001SO

Sameiginlegur kynningarfundur Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skýrslu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu verður haldinn 22 apríl nk. klukkan 11:00 á Teams.

4. Fræðsluferð stjórnar á Austurland - 2011004SO

Stjórn leggur til að stjórnin fari í fræðsluferð á Austurland 2-3 maí nk.

5. Ákall eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2202003SO

Guðjón Bragason fór yfir vinnuskjal þar sem dregnar voru fram breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun frá því frumvarpið var kynnt í samráðsgátt.

Stjórn samþykkir að fela Guðjóni að gera drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Fundi var slitið kl. 10:00